

Yfirskrift	Fundargerð stjórnarfundar FFR				
Stjórnarfundur nr. 9 2017	9	Dagsetning	14. sept. 2017	Tími	11:30 – 13:10
Fundarstaður	Borgarholtsskóli				
Fundarstjóri	BK				
Ritari	ISS				
Mættir (fjarverandi)	BK, ISS, ÁG, MG, KLÁ (HÓS, MH, EB) og Guðrún Ragnarsdóttir				
Fylgiskjöl	Drög að auglýsingu eftir verkefnisstjóra og starfslýsing Drög að minnisblaði um 5 ára reglu, frá Óskari Norðmann				
Vistun gagna	ISS				

Fundargerð

Aðalfundur FFR samþykkti 5 tillögur á aðalfundi, þær voru ræddar á síðasta stjórnarfundum og umræðu um nokkur atriði var haldið áfram.

1. Fundargerðir síðustu funda

Athugasemdir við útsendar fundargerðir hafa verið teknar til greina.

2. Tillaga 1: Auglýsa eftir og ráða stafsmannt FFR

Farið var yfir drög að auglýsingu og rætt um ráðningarferlið. Stefnt er að því að auglýsingin verði send til Fréttablaðsins 21. sept. og birtist í helgarblaðinu. Einnig verður hún birt á vef félagsins og fer inn í fréttabréf FFR sem er sent til félagsmanna með tölvupósti. Stytt auglýsing verður í blaðinu, en vísað í lengri útgáfu hennar á vef félagsins. IS sér um að gera stytta útgáfu og ræða við blaðið um uppsetningu og verð.

3. Tillaga 2: Halda vinnustofu fyrir félagsmenn í september

Tölvupóstur var sendur til félagsmanna um vinnustofuna og hafa um 20 manns skráð sig. Hún verður í húsnæði Starfsmenntar við Skipholt og reiknað er með að hún taki 2 klukkutíma. BK verður með inn-gang, Marta Birna Baldursdóttir hjá fjármálaráðuneytinu kynnir kjörmynd stjórnandans og Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir hjá kjara- og mannauðssýslu ríkisins kynnir grunnmat starfa og þátttakendur sem vinna í litlum hópum fara í grunnmat. Guðrún Ragnarsdóttir tekur svo saman niðurstöður. BK auglýsir fundinn meðal félagsmanna.

4. Tillaga 3: Endurskoðun laga FFR

Hefja þarf vinnu við endurskoðun laga félagsins sem fyrst. Rætt var um að hafa lögin sem einföldust, en þó er nauðsynlegt að taka upp atriði sem varða lög nr. 130/2016 um Kjararáð. KLÁ og BK munu stýra vinnunni, en leita aðstoðar starfskjaranefndar ef þurfa þykir. Rætt var um kaup á ráðgjöf, en ákveðið að hefja vinnuna strax og sjá hvað út úr því kæmi.

5. Drög að minnisblaði um 5 ára reglu

Lögð voru fram fyrstu drög að minnisblaði frá Óskari Norðmann lögfræðingi um stöðu tiltekinn forstöðumanna vegna ákvörðunar umhverfis- og auðlindaráðherra að auglýsa öll störf forstjóra stofnana sem undir ráðuneytið heyra, að loknum 5 ára skipunartíma hvers forstöðumanns. Þessi ákvörðun er úr takti við vinnu félagsins undanfarin ár og samstarf við fjármálaráðuneytið í kjölfar nýju

laganna um Kjararáð. Aðrir ráðherrar hafa ekki tekið slíkar ákvarðanir. Óskar mun vinna minnisblaðið betur, en rætt var hvernig félagið geti nýtt sér það, en það er mikilvægt innlegg í umræðuna. Um 1800 ríkisstarfsmenn falla undir 5 ára regluna (forstöðumenn, lögreglumenn, tollverðir, prestar osfrv) og skoða þarf vel framkvæmd hennar í stjórnslunni með tilliti til jafnræðs og fjölmargra annarra þátta. Upplýsa þarf umhverfisráðherra um minnisblaðið áður en það er sent til fjármálaráðherra, með afriti á aðra ráðherra, amk umhverfisráðherra og forsætisráðherra.

6. Fréttir af samráðsfundum FFR og KMR

Guðrún Ragnarsdóttir sagði stuttlega frá samráðsfundum FFR og KMR, en halda á vinnustofu í næstu viku sbr. lið 3.

7. Önnur mál

- Rætt var um að fá fjármálaráðherra á félagsfund til að kynna nýtt fjárlagafrumvarp
- Ný umsókn í Starfsmenntunarsjóð embættismanna? – Málið var ekki útrætt.